

Nr. 18-009 S 005 Masilik***Strandar í Reykjavík***

Skipaskr.nr: GK 8-350
 IMO nr: 9244726
 Smíðaður: Noregi, 2001, stál.
 Útgerð: Icetrawl Greenland A/S
 Stærð: 1,425 GT 625 DWT
 Mesta lengd: 52 m Skráð lengd:
 Breidd: 11,5 m Dýpt: 5,0 m
 Vél:
 Fjöldi skipverja: 9



Masilik@Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. febrúar 2019 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. janúar 2018 var grænlenka línuveiðiskipið Masilik á siglingu innan hafnar í Reykjavík. Veður: Andvari og ládautt. Djúprista: framan 3,15 m og aftan 4,78 m.

Skipið hafði legið með stjórnborðshlið við Vogabakka og átti að fara í slipp inn í Gömlu höfninni. Eftir að hafnsögumaður kom um borð um kl. 19:40 var landfestum sleppt og siglt frá bryggjunni en fljótlega eftir það tók skipið niðri við rauðu baujuna út af Vogabakka (*sjá mynd 1*). Ekki tókst að losa skipið en dráttarbáturinn Magni var fenginn á staðinn til að draga Masilik af strandstað. Losnaði skipið um kl. 21:30. Settist skipið á sandbotn en síðar kom í ljós að engar skemmdir urðu á skipinu.

**Mynd 1 Strandstaður skipsins við Vogabakka**

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn var mjög vanur höfninni þ.e.a.s. Vogabakka og hafði farið þar um án hafnsögumans síðastliðin 2,5 til 3 ár;
- að skipstjórinn kvaðst hafa óskað eftir hafnsögumanni í þetta sinn þar sem hann hefði ekki áður siglt inn í Gömlu höfnina;
- að skipstjórinn kvaðst við brottför hafa keyrt í spring og þegar skipið var komið frá bryggjunni hafi hann tekið á ferð áfram og beygt til bakborða. Þegar skipið var að snúast til bakborða sá hann baujuna óvænt aðeins á bakborða mjög nálægt skipinum og þá hafi hafnsögumaðurinn spurt sig af hverju sætti með þessa stöðu. Þá var orðið of seint að gera bregðast við en hann hefði reynt að fara eins nálægt henni og hægt var en skipið strandað engu að síður. Skipið lenti eins og áður segir á sandbotni og strandið var það mjúkt að menn fundu ekki fyrir því;
- að hafnsögumaðurinn kvaðst hafa orðað það við skipstjóran að hann rataði sjálfur frá höfninni og hann þyrfti að vara sig á rauðu baujunni. Hann hefði því ekki verið að fylgjast með siglingunni og verið í símasambandi vegna annars skips. Hann sagði það mistök að hafa ekki verið að fylgjast með siglingunni.

Nefndarálit:

Orsök strandsins má rekja til skorts á samstarfi hafnsögumans og skipstjóra við stjórnun skipsins.

Sérstök úbending:

Nefndin beinir því til hafnaryfirvalda um að settar verði reglur að hafnsögumenn noti ekki farsíma meðan þeir eru við leiðsögn skipa.